

# Samgöngu- og fjarskiptanefndar Rangárþings ytra 2014 – 2018

## Fundur nr. 6

- Haldinn: Þriðjudagur 5. september 2015 kl. 11.00
- Mættir: Engilbert Olgeirsson, Gyða Á. Helgadóttir, Jóhann Björnsson, Sævar Jónsson. Steindór Tómasson boðaði forföll og varamenn hans komust ekki.
- Staðsetning: Á ferð um styrkvegi sveitafélagsins

### Efni fundarins:

#### 1. Vettvangsferð um nokkra af styrkvegum sveitarfélagsins

Ekið var um nokkra af styrkvegum sveitafélagsins og lagt mat á ástandi veganna.

- Reynifellsvegur (frá Eystri-Rangá að Reynisfelli). Þörf á að bera í polla sem eru við bústaði.
- Vegurinn frá Reynisfelli að Þorleifsstöðum. Gott að laga veginn frá síðustu lagfæringu að Þorleifsstöðum við gamla túngarðinn að hellinum. Um 600-700 metrar eru frá efnistökuastað að viðgerðarstað.
- Vegurinn að Hungurfit. Lagfæra þarf vegastæði inn að Hungurfit.
- Faxabrekka er ill yfirferðar. Verst er leiðin úr Jökulskarði. Þörf á að laga þennan veg. 2-4 km í efnistökuastað.
- Leiðin inn að Dalakofa og Biksléttu. Þörf á að hefla veginn.

Athugasemdir sem þarf að senda til Vegagerðar. Nauðsynlegt er að laga veginn um fjallabaksleið frá brúnni yfir Eystri Rangá að Hafrafelli.

#### 2. Styrkvegaframkvæmdir í haust

Búið er að bera í svokallaðan Stytting í Friðlandi að Fjallabaki. 992.160 kr. eru eftir af úthlutun ársins. Ákveðið var að vinna að eftirtöldum verkefnum á þessu ári:

- Vegur að Þjófafossi
- Vegur að Hungurfit
- Reynisfellsvegur
- Þorleifsstaðavegur

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.00

Fundargerð ritaði Gyða Árný Helgadóttir